

**Ed.**

**500. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

**1. gr.**

1. Framkvæmd laga nr. 50, 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1933.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56, 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1933.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58, 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1933.
4. Framkvæmd laga nr. 63, 8. sept. 1931, um hýsing prestssetra, er frestað til ársloka 1933.
5. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45, 10. nóv. 1913, um Bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1933.
6. Framkvæmd 12. gr. laga nr. 40, 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923, er frestað á árinu 1933.
7. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35, 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1933.
8. Á árunum 1932 og 1933 skal helmingur þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð, renna í ríkissjóð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.